

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019



Skólaárið 2018-2019

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Meginniðurstöður	4
Inngangur	7
Um Árskóla	8
Skólastefna Árskóla	10
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	11
Sjálfsmat veturinn 2018-2019	13
Innra mat á skólastarfi - starfsfólk	15
Mat á gæðagreinum sem búnir hafa verið til í Árskóla – Árskólagæðagreinir	15
Mat á mótuneytisgæðagreini - Árskólagæðagreinir	15
Mat á gæðagreini um dansmaráðun - Árskólagæðagreinir	15
Mat á jafnréttisgæðagreini - Árskólagæðagreinir	16
Mat á gæðagreini um friðargöngu - Árskólagæðagreinir	16
Mat á gæðagreini um þorablót - Árskólagæðagreinir	16
Mat á gæðagreini um íþróttadag - Árskólagæðagreinir	16
Mat á gæðagreini um Reykjaferð - Árskólagæðagreinir	17
Mat á gæðagreini um skólaslit - Árskólagæðagreinir	17
Mat á gæðagreini um árshátíðir - Árskólagæðagreinir	17
Mat á gæðagreini um upplýsinga- og tæknimál - Árskólagæðagreinir	17
Skólaspekillinn - matsfundir starfsmanna um umbótaáætlanir vegna lestrarstefnu og teymiskennslu	17
Umbótaáætlun skólaársins - starfsfólk	19
Innra mat á skólastarfi - nemendur	24
Mat á jafnréttisgæðagreini Árskóla	24
Umbótaáætlun skólaársins - nemendur	26
Mat nemenda á skólastarfi 1. - 4. bekkur	27
Innra mat á skólastarfi - foreldrar	30
Skólapúlsinn	30
Skólapúlsinn foreldrar	31
Skólapúlsinn nemendur	32

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Skólapúlsinn starfsfólk	34
Árleg skimun, starfsfólk	35
Áætlun um sjálfmat 2019-2022	36
Viðaukar	37
Viðauki I, árleg skimun starfsfólks	38
Viðauki II, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?	39

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var fagmennskuteymi sett á laggirnar sem hafði því hlutverki að gegna að sjá m.a. um áætlanir um sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Foreldrar tóku ekki þátt í mati á skólastarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans þetta skólaárið, en áform eru um að reyna að koma því við árlega.

Fimmta árið í röð var árleg viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Til stóð að leggja könnun fyrir foreldra á þessu skólaári, en það fórst fyrir vegna tæknilegra örðugleika hjá Skólapúlsinum. Í könnunum Skólapúlsins er hægt er að skoða stöðu í einstökum þáttum skólastarfsins til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður nemendakönnunar jafnt og þétt yfir skólaárið en hún er lögð fyrir fjórðung nemenda í hverjum árgangi fjórum sinnum yfir skólaárið. Heildarsamantekt nemendakönnunar er sett fram í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Skimunin var uppfærð á síðasta skólaári og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg, ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar um allfesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks og eru þeir dregnir fram í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 59 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Árskóla.

Alls voru lagðir fyrir tíu gæðagreinar til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Matsþættirnir samanstóðu af gæðagreinum sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og aðlagð að skólastarfinu. Tveir matsfundir starfsfólks fóru í að rýna í niðurstöður úr Skólaspeglinum og bregðast við niðurstöðum úr þeim með umbótaáætlunum. Einn gæðagreinir var lagður fyrir til mats og umbóta meðal nemenda á mið- og unglíngastigi. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreinum sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur eru umbótaáætlanir starfsfólks, og nemenda birtar í sér köflum í skýrslunni.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf

Yfirlit einkunnagjafar	
Matsfundur 20. nóv. 2018	Einkunnir
Mötuneytisgæðagreinir	5, 5, 5, 5
Dansmaraðon	6, 5, 5, 5
Matsfundur 29. jan. 2019	
Jafnréttisgæðagreinir	5, 5, 5, 5, 5, 5, 5, 6
Matsfundur 12. feb. 2019	
Skólaspejillinn, umbótaáætlun v/ lestrarstefnu	
Matsfundur 19. feb. 2019	
Skólaspejillinn, umbótaáætlun v/ teymiskennslu	
Matsfundur 26. mars 2019	
Árshátíðir	5, 4-5
Þorablót	5, 5
Reykjaferð	5
Íþróttadagur	5
Skólaslit	6
Friðarganga	5

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Matsfundur 9. apríl 2019	
Upplýsinga- og tæknimál	5, 5, 5, 5, 5, 5, 5, 4
Matsfundir nemenda	
Jafnréttisgæðagreinir 10. bekkur	4, 4, 4, 4
Jafnréttisgæðagreinir 9. bekkur	5, 4, 4, 4, 4, 3, 4
Jafnréttisgæðagreinir 8. bekkur	4, 4, 4, 5, 4, 5, 4, 5, 3
Jafnréttisgæðagreinir 7. bekkur	5, 4, 4-5, 4, 4, 4-5, 4, 3
Jafnréttisgæðagreinir 6. bekkur	4, 5, 6, 5, 3

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatarkerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Skotarnir hafa uppfært efnið nokkrum sinnum. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar breytingar

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstöðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn taka virkan þátt í matsvinnunni. Nemendur taka reglubundið þátt í mati á skólastarfinu. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig tekið þátt í að búa til ný gæðaviðmið um skólastarf með sýn nemenda að leiðarljósi.

Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 351 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 79. Í ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimál o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðunum, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni.

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má t.d. nefna Árskóladaginn þar sem skólinn er opinn fyrir bæjarbúa þar sem nemendur og starfsfólk kynna skólastarfið með

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

fjölbreyttum hætti en stór hluti af þeim degi er jafnframt helgaður því að gefa til baka til samfélagsins með því að safna fyrir góðum málstað. Eins má nefna þorrablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, vinabæ Skagafjarðar, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Comeniusi á undanförunum misserum.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. þróunarverkefni í *upplýsinga- og tæknimennt*, *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefni í *Byrjendalæsi*. Um þessi verkefni má lesa í ársskýrslu Árskóla. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli undanfarin ár sem fyrr en þetta er sjötta skólaárið í röð sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsaðferðirnar í gegnum Gæðagreinana eru traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Öll starfsemi skólans er á einum stað í skólahúsnæði við Skagfirðingabraut. Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldann, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstaður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, tómstunda- og heilsdagsskóli Árskóla, er starfræktur í húsnæði skólans. Starfsemin hefur verið aðlöguð breyttum aðstæðum í skólastarfinu m.a. með styttingu vistunartíma og nýjum húsnæðisaðstæðum. Skólalóðin er nýtt til útivistar og verkgreinastofur, skólasafn, matsalur og önnur rými skólans eru nýtt eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

Skólafestna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólafest. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólafestin á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólafestna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólafestnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi. Í skólafestinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, vinna saman í teymum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stöðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

- þjálfari hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að **leika** vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að **læra** vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og 2016. Nýjasta útgáfan heitir: *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða *mjög gott*, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslu.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins
Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn***, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta***.

Sjálfsmat veturinn 2018-2019

Fagmennskuteymi Árskóla sér um utanumhald á sjálfsmati starfsfólks, nemenda og foreldra. Í því eiga sæti deildarstjórar stiga, fulltrúi kennara á hverju stigi og kennsluráðgjafi. Teymið hefur fundað jafnt og þétt yfir árið og gert áætlanir um fyrirlögn á mati á skólastarfinu. Eftir hvern matsfund tekur kennsluráðgjafi saman niðurstöður og deilir með teyminu. Á fundum teymisins hefur reglulega verið farið yfir niðurstöður og brugðist við þeim eins og við á. Teymið sér því um að fylgja umbótaáætlunum eftir og skila niðurstöðum aftur út til nemenda og starfsfólks til úrvinnslu eins og við á. Tæknigæðagreinar voru uppfærðir á skólaárinu og sameinaðir í einn gæðagreini.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2018-2019:

Matsfundur starfsmanna 20. nóv. 2018
Mötuneytisdaggreinir
Dansmaraðon
Matsfundur starfsmanna 29. jan. 2019
Jafnréttisdaggreinir
Matsfundur starfsmanna 12. feb. 2019
Skólaspegillinn, umbótaáætlun v/ lestrarstefnu
Matsfundur starfsmanna 19. feb. 2019
Skólaspegillinn, umbótaáætlun v/ teymiskennslu
Matsfundur starfsmanna 26. mars 2019
Friðarganga
Þorrablót
Íþróttadagur
Reykjaferð
Skólaslit
Árshátíðir
Matsfundur starfsmanna 9. apríl 2019
Upplýsinga- og tæknimál
Matsfundur nemenda á yngsta stigi í des. 2018
Rýnihópaviðtöl við nemendur á yngsta stigi, 1. - 4. bekkur
Matsfundir nemenda í 6. - 10. bekk í jan. og feb. 2019
Jafnréttisdaggreinir 10. bekkur
Jafnréttisdaggreinir 9. bekkur
Jafnréttisdaggreinir 8. bekkur

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Jafnréttisgæðagreinir 7. bekkur

Jafnréttisgæðagreinir 6. bekkur

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

Innra mat á skólastarfi - starfsfólk

Mat á gæðagreinum sem búnir hafa verið til í Árskóla – Árskólagæðagreinar

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 20. nóvember:

Matsfundur 20. nóvember	Einkunnagjöf
Mötuneyti - Árskólagæðagreinir	5, 5, 5, 5
Dansmaráðon - Árskólagæðagreinir	6, 5, 5, 5

Mat á mötuneytisgæðagreini - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsmanna eru eftirfarandi: Í mötuneytinu er boðið upp á fjölbreytt fæði, ávextir og grænmeti eru daglega í boði og aðstaða til að matast er góð. Hollustuviðmið eru að öllu jöfnu uppfyllt. Salatbar daglega, tryggir og eykur hollustu og fæðuframboð. Vatn er alltaf sýnilegt og á borðum með matnum. Umgengni í matsal er almennt góð og nemendur ganga frá eftir sig.

Mat á gæðagreini um dansmaráðon - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsmanna. Dansmaráðon er vel skipulagður viðburður í skólastarfinu. Áralöng hefð er fyrir dansmaráðoni og hafa fyrir vikið skapast fjölmörg tækifæri til að sníða hugsanlega vankanta af, þannig að þessi viðburður er þrautreyndur og fínþússaður. Mjög vel er staðið að dansmaráðoni Árskóla og er það ein af skrautfjöðrum skólans. Allir þátttakendur eru meðvitaðir um sitt hlutverk. Skólasamfélagið tekur virkan þátt og bæjarbúar og fyrirtæki eru mjög jákvæð í garð þessa viðburðar.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 20. nóvember:

Matsfundur 29. janúar	Einkunnagjöf
Jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir	5, 5, 5, 5, 5, 5, 6, 5

Mat á jafnréttisgæðagreini - Árskólagæðagreinir

Átta hópar tóku þátt í mati á þessum gæðagreini. Starfsmenn eru sammála um að andrúmsloftið innan skólans einkennist af vinsemd, virðingu og jafnrétti gagnvart nemendum og starfsfólki skólans. Við stöndum vel að vígi í jafnréttismálum í flestu tilliti og stöndum okkur vel þegar kemur að fræðslu um jafnrétti og sanngirni. Í skólanum er virkt nemendafélag og fulltrúar nemenda funda reglulega með skólaráði. Sveigjanleiki er mikill og vel komið fram við starfsfólk.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 26. mars:

Matsfundur 26. mars	Einkunnagjöf
Friðarganga - Árskólagæðagreinir	5
Þorablót - Árskólagæðagreinir	5, 5
Íþróttadagur - Árskólagæðagreinir	5
Reykjaferð - Árskólagæðagreinir	5
Skólaslit - Árskólagæðagreinir	6
Árshátíðir - Árskólagæðagreinir	5, 5

Mat á gæðagreini um friðargöngu - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af einum hópi starfsmanna. Að mati starfsfólks er komin sterk hefð á friðargönguna og hefur hún auðgað skólastarfið.

Mat á gæðagreini um þorablót - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum starfsmanna. Starfsmenn eru sammála um að þorablót er skemmtilegur siður sem við viljum viðhalda í skólanum og gefa meira vægi með fræðslu. Dagurinn sjálfur er vel skipulagður með notalegri samveru.

Mat á gæðagreini um íþróttadag - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af einum hópi starfsmanna. Að mati starfsmanna er íþróttadagurinn rótgróin hefð í skólastarfinu þar sem flestir eru meðvitaðir um sitt hlutverk. Dagskráin er fjölbreytt og nemendur virkir. Sú breyting að hafa íþróttadaginn á hefðbundnum skóladegi, en ekki daginn fyrir vetrarfrí, er til mikilla bóta.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Mat á gæðagreinini um Reykjaferð - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af einum hópi starfsmanna. Mat þeirra er að vel sé hlúð að nemendum og starfsfólk skólans standi sig vel í þessu verkefni. Upplýsingaflæði til foreldra og nemenda er mjög gott.

Mat á gæðagreinini um skólaslit - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af einum hópi starfsmanna. Að mati þeirra eru skólaslitin hátíðleg athöfn hjá öllum bekkjum skólans. Salurinn, orðræðan og umgjörðin er öll til fyrirmyndar. Útskrift 9. og 10. bekkjar er að mati starfsmanna framúrskarandi.

Mat á gæðagreinini um árshátíðir - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum starfsmanna. Umgjörð, tæknimál og búningar eru að mati starfsmanna til fyrirmyndar. Vel er staðið að kynningum fyrir árshátíðir og samvinna og samstarf starfsfólks og nemenda er gott.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundum 9. apríl:

Matsfundur 9. apríl	Einkunnagjöf
Upplýsinga- og tæknimál - Árskólagæðagreinir	5, 5, 5, 5, 4, 5, 5, 5

Mat á gæðagreinini um upplýsinga- og tæknimál - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af átta hópum starfsmanna. Starfsmenn eru sammála um að skólinn er í framvarðasveit á landsvísu hvað upplýsingatækni í skólastarfi varðar. Allir nemendur hafa greiðan aðgang að tækninni til notkunar í skólanum, tæknin er einstaklingsmiðuð og góður aðgangur er að aðstoð varðandi tæknimál. Upplýsingatækni er samþætt öllu námi, tæknifærni nemenda er góð og aðbúnaður mjög góður. Jafningjafræðsla er mikil í hópi starfsmanna og auðvelt að fá hjálp við tæknimál. Skólinn býr yfir góðum tækjakosti og viðurkenndum og vel menntuðum ráðgjöfum sem leiðbeina. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og kennarar standa sig vel í að nýta tækni- og hugbúnað í skólastarfi nemendum til hagsbóta.

Skólaspegillinn - matsfundir starfsmanna um umbótaáætlanir vegna lestrarstefnu og teymiskennslu

Í október 2018 fór fram matsúttekt í Árskóla. Úttektin byggir á nýrri matsnálgun sem verið er að prufukeyra í Sveitarfélaginu Skagafirði. Aðferðin er samstarfs- og umbótamiðuð og nefnist Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat og er byggð á skoskri aðferð en aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Í matsúttektinni voru tveir skoðunarþættir teknir fyrir. Annars vegar innleiðing á

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

lestrarstefnu Skagafjarðar og hins vegar valkvæður þáttur frá skóla, teymiskennsla. Skýrsla var birt um matið þar sem sagt er frá matsaðferðinni, matsteyminu, skipulagi og framkvæmd matsins, matsviðmiðum og niðurstöðum matsins.

Markmið/tilgangur Skólaspegilsins er eftirfarandi:

- Að skapa sameiginlegan skilning á starfi innan skólasamfélagsins
- Að stuðla að framförum með því að styðja skóla við að auka gæði skólastarfs
- Að læra af og deila góðu verklagi á milli skóla
- Að meta skólastarfið og upplýsa um getu skólans til umbóta
- Að tryggja gæði menntunar
- Að styrkja skólastjórnendur í starfi og skapa þeim vettvang til samstarfs og starfsþróunar
- Að uppfylla lagaskyldur um ytra mat á sveitarfélagsstigi

Nánari upplýsingar um matsaðferðina má finna í ritinu, Skólaspegillinn staðfest sjálfsmat á heimasíðus skólans.

Í kjölfar matsniðurstaðna Skólaspegilsins unnu starfsmenn að umbótaáætlun skólans um þá matsþætti sem teknir voru fyrir.

Matsfundur starfsmanna 12. feb. 2019

Skólaspegillinn, umbótaáætlun v/ lestrarstefnu

Matsfundur starfsmanna 19. feb. 2019

Skólaspegillinn, umbótaáætlun v/ teymiskennslu

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Umbótaáætlun skólaársins - starfsfólk

Mötuneytisdaggreinir
Hvað þarf að gera?
Auka tíma nemenda til að borða matinn, gefa þeim þann tíma sem þarf til að klára að borða.
Matráðar séu með hárnét.
Þjóða upp á handþvott fyrir nemendur.
Leyfa nemendum að borða að lyst.
Hafa hollara kornmeti á boðstólum í skólanum.
Átak í flokkun á sorpi, bæði hjá nemendum og starfsfólki.
Átak í umgengni hjá unglíngum í matsal.
Erfitt getur verið fyrir nemendur á miðstigi að matast við „grænu borðin.“
Við gerum athugasemd við það að það sé keyrt inn á skólalóð þegar komið er með matinn í hádeginu.
Dansmaraðon
Hvað þarf að gera?
Hafa allar upplýsingar um dansmaraðonið aðgengilegar á einum stað og sjá til þess að allir sem að því koma séu meðvitaðir um það.
Halda fund með því starfsfólki sem að maraðoni kemur ekki síðar en tveim vikum eftir að því lýkur og meta sterkar og veikar hliðar.
Allir bekkir þurfa að fá 3 - 4 tíma í danskennslu fyrir danshátíð.
Jafnréttisdaggreinir
Hvað þarf að gera?
Meiri fræðsla um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.
Styðja betur við nemendur með annað tungumál sem hafa ekki jöfn tækifæri vegna skorts á íslenskukunnáttu.
Við getum gert betur hvað varðar tvítýngda nemendur okkar, sérstaklega þá sem eru fæddir hér og uppaldir og eiga erlenda foreldra.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Nemendafélag Árskóla verði sýnilegra og fundargerðir aðgengilegar - upplýsingatafla á áberandi stað.
Auglýsa á breiðum grunni og eins lengi og þarf eftir náms- og starfsráðgjafa.
Gæta þarf þess að báðir foreldrar fái boð/upplýsingar frá skólanum.
Við getum gert betur við að koma til móts við þarfir nemenda (kynferði, fötlun, uppruni, sérþarfir).
Laga stefnumótun og áætlanagerð að jafnréttissjónarmiðum.
Bæta framkomu og orðræðu nemenda og starfsfólks við hvert annað.
Stjórn nemendafélags þarf að funda oft.
Hlusta þarf á raddir nemenda á skólaráðsfundum.
Taka niður kynjamerkingar á salernum.

Friðarganga
Hvað þarf að gera?
Fá sóknarprestinn til að koma í skólann með fræðslu fyrir friðargönguna.
Hafa eina röð fyrir 1. og 2. bekk þar sem þeir nemendur eru lengur að ganga til baka en eldri nemendur.
Þorrablót
Hvað þarf að gera?
Undirbúa betur samverustund í íþróttahúsi, hafa t.d. góðan fyrirvara á að koma þeim lögum sem syngja á til umsjónarkennara og jafnvel samsöng á sal í nokkur skipti fyrir þorrablót.
Útbúa þarf fræðsluefni fyrir hvert stig sem kennarar geta nálgast fyrir þorrablót.
Gera meira úr grunnþemum, s.s. ákveðin fræðsla í hverjum árgangi um íslenskar þorrablótshefðir, þorrasöngva (lög og ljóð), matu, ásatrú o.s.frv.
Íþróttadagur
Hvað þarf að gera?
Auglýsa íþróttadaginn betur, t.d. í Sjónhorninu og á samskiptamiðlum. Virkja foreldra.
Reykjaferð
Hvað þarf að gera?

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Kannski væri kominn tími til að kanna aðra kosti þar sem dagskrá skólabúðanna er orðin ansi þunn og metnaðarlaus. Tillaga um að senda 9. bekk á Lauga í Sælingsdal í staðinn. 7. bekkur fer í þriggja daga vorferð, en frekar lítið er um að vera í 9. bekk.
Skólaslit
Hvað þarf að gera?
Halda áfram á sömu braut, halda hátíðleikanum og umgjörðinni eins og hún er.
Árshátíðir
Hvað þarf að gera?
Nemendur eru virkir, bæði við að semja sýningaratriði bekkjarins og í sýningunni sjálfri.
Sami háttur á og er á yngsta stigi. Það er að hver bekkur sé með ákveðið leikrit. Mikil vinna hjá kennurum við að semja leikrit með nemendum.
Upplýsinga- og tæknimál
Hvað þarf að gera?
Tryggja þarf fræðslu um ábyrga netnotkun til foreldra og nemenda.
Allt starfsfólk og nemendur eiga að hafa sitt eigið tæki til afnota.
Nettengingu í A-álmum þarf að bæta.
Gera nemendur okkar að sjálfstæðari námsmönnum sem nota þann tækni- og hugbúnað sem þeir telja henta sér best til náms hverju sinni.
Einfalda þarf notkun hugbúnaðar.
Að starfsmenn hafi greiðari aðgang að símenntun/ráðgjöf til þess að nota tæknina í starfi sínu.
Að nemendur okkar kunni að nota tæknina til að sækja sér þá þekkingu sem þeir þurfa.
Stuðla að því að nemendur verði sjálfstæðari í námi og hafi meira val um það á hvaða formi þeir skila verkefnum.
Stöðug endurmenntun fyrir allt starfsfólk til að gera það öruggara í notkun á tækninni.
Bæta þarf nettengingu svo „dauðir“ punktar séu ekki í húsinu. Á m.a. við um íþróttahús og suma staði á þekjunni og í A-álmum. Einnig þarf að yfirfara hátalara og hljóðbúnað í A-álmum og á þekjunni.
Að starfsfólk fari eftir þeim reglum sem það setur um tækjanotkun og sé fyrirmynd í þeim efnum, t.d. taki ekki upp síma nema í undantekningartilfellum.
Stuðla að því að nemendur nýti betur gagnrýna hugsun í námi.
Koma á nettengingu í öllum kennslurýmum (íþróttahús og sundlaug).

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Efla nemendur okkar í sjálfstæðum vinnubrögðum til að velja og nota þann tækni- og hugbúnað sem þeir telja henta sér best til náms hverju sinni.
Auka fræðslu um ábyrga netnotkun og þjálfa nemendur í að meta gæði upplýsinga.
Sjá til þess að starfsfólk fái reglulega endurmenntun í takti við breytingar á tækni og hugbúnaði.
Skólaspegillinn, umbótaáætlun v/ lestrarstefnu
Hvað þarf að gera?
Kynna starfsfólki allra stiga með markvissum hætti fjölbreyttar lestraraðferðir. Sjá til þess að starfsfólk fái svigrúm til að prófa aðferðirnar. Nýta aðferðir byrjendalæsis á yngsta stigi og hafa lestrarhvetjandi umhverfi á öllum stigum. Halda fund þar sem kennarar allra stiga hittast og fara yfir aðferðir við lestrarkennslu. Upprifjun á ýmsum kennsluáðferðum og utanaðkomandi fræðsla. Verkgreinakennarar geta haft áhugavert lesefni í sínum stofu tengt hverju fagi. Áhersla á gott samstarf milli heimila og skóla.
Hafa fjölbreytt, áhugavert, lestrarefni í öllum kennslurýmum. Skipta reglulega um efni. Nýta tæknina, t.d. QR kóðar sem vísa á ákveðið lesefni. Nemendur nýti tæknina til að kynna áhugavert lesefni fyrir félögum. Hafa bókahillur og bækur sem víðast, hafa lesningu og fróðleik um alla vegg. Einnig fjölbreytt svæði til lesturs (mottur, púðar, sófar, tjöld, bangsar).
Standa vörð um að læsi sé áfram á stundatöflu og sýna gott fordæmi með því að starfsfólk lesi líka ef það hefur tók á. Setja yndislestrar tíma á stundatöflur í öllum árgöngum.
Merkja á skipulegan hátt áhöld og búnað í hverju kennslurými. Allir gera þetta í sínu vinnurými. Stjórnendur gefa tíma í þetta, t.d. einn þriðjudag eða tvo. Búa til spjöld eða merkimiða til þess að merkja hluti.
Kynna heimilum með markvissum hætti fjölbreyttar lestraraðferðir. Nýta tæknina t.d. með upptökum á lestri. Að hvetja til heimalesturs og leggja áherslu á ábyrgð foreldra í lestrarþjálfun. Að hvetja foreldra til að vera góðar fyrirmyndir hvað varðar lestur og að lesa fyrir börnin. Að vera með samstillt lestrarátök í skólanum um jól, páska, sumarfrí. Að nota kvittanahefti á miðstigi vegna heimalesturs. Nemendur, foreldrar og kennarar gera samning í upphafi hverrar annar um hvernig lestrarnámi er háttað. Samningum fylgt eftir í foreldraviðtölum og í yndislestrarstundum yfir skólaárið. Bókakynningar, upplestur frá höfundum, fjölskyldumeðlimir leggja til bækur til lesturs. Virka foreldrafélagið til að vinna að aukinni samvinnu við heimilin varðandi lestur. Auka aðhald í heimalestri. Nota tæknina með því að taka upp heimalestur og kvitta fyrir lesturinn, t.d. með forritinu Flipgrid.
Setja upp sjónræna hvatningu, skipta reglulega út og færa til. Að nýta upplýsingatækni, myndrænar stundaskrár, sýnishorn og hafa verkefni nemenda sýnileg. Nýta umhverfi og myndefni markvissar til náms og hvatningar. Merkja hluti innan og utan kennslustofu. Hafa myndir og veggspjöld sýnileg á veggjum.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Nemendur vinni auglýsingaspjöld fyrir bækur sem hægt væri að hengja upp í skólanum.
Umsjónarkennarar fari yfir dagskrá í upphafi dags og að hún sé sýnileg á töflu í kennslustofu. Möguleikar á skriflegum, sjónrænum eða munnlegum upplýsingum. Hafa stundatöflur sýnilegar.
Hafa markmið í verkefnalýsingum og sýnileg í bekkjarstofum. Að markmið séu rædd og þau gerð sýnileg fyrir hverja kennslustund/kennslulotu. Gera markmið sýnileg í Seesaw/Mentor.
Merkja á skipulegan hátt áhöld og búnað á þeim tungumálum sem nemendur tala. Framkvæma í hverju kennslurými. Hvert umsjónarteymi gerir þetta með nemendum sínum í kennslustund. Vinnan getur hafist í nýbúakennslu.
Fá fjármagn til aukinnar íslenskukennslu. Fræðsla til starfsfólks um hvernig við getum hjálpað án þess að kunna móðurmál nemenda. Bæta við kennslustundum í íslensku og/eða bæta við stuðningi sem er eyrnamerkur þessum nemendum sérstaklega. Hafa heimanámsaðstoð í boði fyrir tvítyngda/fjöltýngda nemendur.
Fá fjármagn til móðurmálskennslu og fólk sem talar þessi tungumál. Athuga möguleika með að nota tæknina til fjarkennslu s.s. með Skype eða öðrum fjarkennslubúnaði eða fá kennara sem talar móðurmál viðkomandi nemenda. Ekki á ábyrgð grunnskóla að okkar mati. Fleiri tungumál þurfa að vera í boði í tungumálaveri. Kaupa fleiri bækur og tímarit á viðkomandi tungumálum á skólabókasafn.
Skólaspejillinn, umbótaáætlun v/ teymiskennslu
Hvað þarf að gera?
Hæfni og þörf nemenda greind. Einstaklingsnámskrá unnin í samræmi við niðurstöður greiningar. Nemendur vinni snilldarstundarverkefni til þess að dýpka þekkingu sína. Eftirfylgni með því að nemendur fái verkefni við hæfi. Einstaklingsmiðað nám. Útskrift flýtt úr einstaka námsgrein.
Höfða til áhugasviðs nemenda með verkefnum við hæfi. Að aðferðir byrjendalæsis og „orð af orði“ séu alltaf í hávegum hafðar og nýttar í fleiri fögum en íslensku/læsi. Fjölbreyttir kennsluhættir. Nýta smáforrit, t.d. Explain everything, í námi og kennslu. Meira verklegt í tímum. Uppbrot í námi.
Nemendur hafa val um hvernig þeir vinna og skila verkefnum. Skapandi skil. Markmiðasetning nemenda. Við notum kennsluhætti sem krefjast þess að nemendur leggi til málanna, læri að gagnrýna og taka gagnrýni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Vera dugleg að hrósa. Nemendur vinni sjálfsprottin verkefni. Leita álitis nemenda í upphafi og láta þá rökstyðja val sitt. Þjálfa nemendur í að kynna viðfangsefni sín.
Að kennslustundir séu skipulagðar út frá þeim fjölbreyttu kennsluáferðum sem við höfum kynnt okkur, t.d. iPad, listsköpun, vettvangsferðir, leikir o.fl. Virk endurmenntun kennara.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

<p>Vinna áfram að innleiðingu tækni í skólastarfi svo og nýrra kennsluhátta.</p>
<p>Mismunandi hópar og hópastærðir og fjölbreyttar leiðir við samvinnunám. Hafa lista yfir leiðir aðgengilegan fyrir starfsfólk. Regluleg endurmenntun í boði fyrir starfsfólk. Þemavinna þvert á stig og önnur hópavinna innan árgangs. Útbúa fleiri og fjölbreyttari verkefni við hæfi.</p>
<p>Prófa fjölbreytta hópaskiptingu s.s. kynjaskiptingu, getuskiptingu og fjölda nemenda í hópi. Að kennarar séu meðvitaðir um styrk- og veikleika nemenda. Raða í hópa eftir markmiðum hvers verkefnis.</p>
<p>Ígrundun vegna hópaskiptingar. Hafa fjölbreytta hópa og endurraða reglulega. Að nemendur velji sig ekki í hópa sjálfir, passa kynjahlutföll í hópum.</p>
<p>Að skipuleggja fjölbreyttar á mið- og unglingsstigi. Nýta tæknina meira. Nemendur kynni verk sín munnlega inn á t.d. Seesaw. Kannski væri hægt að búa til sýningarbás fyrir t.d. textíl og smíðar sem hægt væri að hafa á hjólum og þá myndu sýningargripir njóta sín betur. Sýningar á verkum nemenda verði einu sinni til tvisvar á ári, t.d. á viðtalsdegi.</p>
<p>Skipuleggja verkaskiptingu teyma, s.s. út frá áhugasviði og styrkleikum. Að skoða á hlutlægan hátt hvað unnið er í teyminum og skrá upplýsingar. Að leggja áherslu á að rýna til gagns og taka gagnrýni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Sjálfsmat og samræður, innan og þvert á teymi. Hvert og eitt teymi skoði sitt framlag og hvort svigrúm sé fyrir frekari nýtingu hvers og eins. Deildarstjóri og kennarar fara reglulega yfir samstarfið innan teymanna. Utanaðkomandi úttekt og sjálfsskoðun á verkaskiptingu teymanna.</p>
<p>Formgera skipulag og skiptingu ábyrgðar innan teyma með samráði teyma. Að þeir sem í teyminu eru sjái um að ákveða hlutverk og ábyrgð en skólinn leggi línur um grunnskipulag og form. Sett í excelskjál. Til þess að formgera skipulag og skiptingu nánar innan teyma þarf meiri tíma í töflu til þess. Tryggja þarf að teymi séu að virka, sbr. samsetning kennara innan teymisins. Með samtali og samkomulagi innan hvers teymis með reglubundinni aðkomu deildarstjóra. Að sjá til þess að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín sem best.</p>
<p>Að nota agastjórnunaraðferðir markvisst sem leið til jákvæðra samskipta t.d. með umbunarkerfi, skýrum bekkjarreglum, hvatningu og hrósi. Vera styðjandi og skapa jákvætt umhverfi. Að leggja áherslu á að agastjórnun t.d. umbunarkerfi séu notuð á jákvæðan hátt. Kennarar fái enn frekari fræðslu í jákvæðri agastjórnun. Gott er að kennarar miðli sín á milli góðum aðferðum. Samráðsfundir og ígrundun um það sem er og gæti orðið.</p>

Innra mat á skólastarfi - nemendur

Mat á jafnréttisgæðagreini Árskóla

Allir nemendur í 6. - 10. bekk tóku þátt í mati á jafnréttisgæðagreini Árskóla. Hverjum árgangi var skipt upp í hópa og vann hver hópur að matinu og setti fram umbótaáætlun. Deildarstjórar viðkomandi stiga, kennsluráðgjafi og umsjónarkennar aðstoðuðu nemendur við matsvinnuna.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Samkvæmt niðurstöðum nemenda voru ýmsir styrkleikar skólastarfsins dregnir fram í matsskýrslu og ýmis atriði sett fram í umbótaáætlun. Hér má sjá yfirlit yfir niðurstöður hópa í einstökum árgöngum. Einnig eru helstu styrkleikar dregnir saman og umbótaáætlun nemenda sett fram saman eftir stigum:

Matsfundir nemenda í janúar og febrúar 2019	Bekkur	Einkunnagjöf
Unglingastig - Jafnréttisgæðagreinir Árskóla		
gg. Jafnréttisgæðagreinir Árskóla	10. bekkur	4, 4, 4, 4
gg. Jafnréttisgæðagreinir Árskóla	9. bekkur	5, 4, 4, 4, 4, 3, 4
gg. Jafnréttisgæðagreinir Árskóla	8. bekkur	4, 4, 4, 5, 4, 5, 4, 5, 3
Miðstig - Jafnréttisgæðagreinir Árskóla		
gg. Jafnréttisgæðagreinir Árskóla	7. bekkur	5, 4, 4-5, 4, 4, 4-5, 4, 3
gg. Jafnréttisgæðagreinir Árskóla	6. bekkur	4, 5, 6, 5, 3

Helstu styrkleikar í jafnréttismálum að mati nemenda á unglingsstigi voru m.a. eftirfarandi:

Nemendur á unglingsstigi segja að allir séu velkomnir í skólann og þeir fái þá hjálp sem þeir þurfa og hverjum og einum mætt eins og hann er. Allir séu jafnir í skólanum og oftast ekki gert upp á milli kynja. Þeir segja að starfsfólkið komi fram við og hvetji þá áfram óháð kyni og að starfsfólkið í skólanum sé gott. Nemendur segja að námið sé lagað að hverjum og einum og nefna dæmi um að t.d. í 9. bekk fái þeir mikla fræðslu um jafnrétti varðandi framtíðina m.t.t. til atvinnu og fjölskyldu. Nemendur segja einnig að kennslan sé góð fyrir nýbúa og þeir fái góða íslenskukennslu. Í frítímanum í skólanum séu oftast vinaliðaleikir svo enginn þurfi að vera einn. Nemendur segja að nemendafélagið sé mjög mikilvægt og gott og komi hugmyndum nemenda á framfæri. Bekkjargundir séu haldnir reglulega þar sem nemendur fái tækifæri til að láta sínar skoðanir í ljós og koma þeim á framfæri. Náms- og starfsfræðsla hafi verið góð í skólanum og þeir fái næga hvatningu til að fræðast um fjölbreytt störf.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Helstu styrkleikar í jafnréttismálum að mati nemenda á miðstigi voru m.a. eftirfarandi:

Nemendur á miðstigi segja að flestir fái þá hjálp í skólanum sem þeir þurfi á að halda. Einnig finnst þeim það vera sterk hlið í skólastarfi Árskóla hvað það er tekið vel á móti krökkum með sérþarfir. Nemendum finnst þeir vera velkomnir þegar þeir koma í skólann og allir fái aðstoð og fræðslu við hæfi. Þeim finnst sumir kennarar vera framúrskarandi og að vanalega sé ekki gert upp á milli kynja. Nemendum finnst gott að hafa starfandi nemendafélag í skólanum og segja að tveir fulltrúar úr hverjum árgangi hafi þar setu sem geti komið hugmyndum þeirra á framfæri. Nemendafélagið sé gott og leggi mikla áherslu á að gera skólann betri. Í skólanum sé ekki vaninn að nemendur tali niður hver til annars. Flestir komi vel fram við aðra og allir hafi sínar skoðanir sem eru virtar. Jafnrétti í skólanum sé frekar gott og allir fái að vera með, sama hvernig þeir eru. Nemendur segjast hafa rödd í skólanum, hafi rétt á því að tala við aðra og segja skoðanir sínar. Jafnframt segja þeir nemendur úr Árskóla almennt tilbúna fyrir framhaldsskóla eftir nám úr grunnskóla.

Umbótaáætlun skólaársins - nemendur

Unglingastig – nemendagæðagreinir um jafnrétti í Árskóla
Hvað þarf að gera?
Það þarf að passa betur upp á andlega líðan nemenda.
Ráða náms- og starfsráðgjafa.
Skoða hvernig er komið fram við nemendur.
Fræða nemendur meira um jafnrétti og mannréttindi. Við þurfum að tala meira saman á lærdómsríkan hátt um jafnrétti.
Bæta menntun um hluti sem við þurfum að gera í framtíðinni.
Fræðsla um kynferðislega áreitni þarf að verða betri.
Stjórn nemendafélagsins þarf að funda oft og segja öllum hvað þau ræða. Nemendafélag er mikilvægt til að koma skoðunum nemenda á framfæri og vinna að því sem skiptir nemendur máli. Nemendafélagið þarf að tala meira um rök hugsun, hegðun, jafnrétti og framtíðina.
Það þarf að vinna betur með eineltismál og bæta tillitssemi.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Starfsfólk þarf að koma eins fram við öll kyn.
Það þarf að hlusta meira á krakkana og fylgja hugmyndum þeirra eftir.
Starfsfólk þarf að hvetja okkur betur til að kynna okkur nám og störf sem henta hverjum og einum, sama hvort við erum drengir eða stúlkur.
Það þarf að fræða kennara um jafnrétti, þótt að einhver einn strákur sé óþekkur og sýni ekki virðingu þýðir ekki að allir séu þannig.
Það þarf að taka betur á móti nemendum í skólanum.
Stelpur og strákar þurfa að fá jöfn tækifæri.
Miðstig – nemendagæðagreinir um jafnrétti í Árskóla
Hvað þarf að gera?
Að fræða okkur meira um jafnrétti og mannréttindi.
Það þarf að hvetja nemendur, jafnt stelpur sem stráka, til að kynna sér nám og störf.
Vera með hrósviku.
Strákarnir og stelpurnar þurfa að vera betri á göngunum.
Það sem þarf að gera er að leyfa strákum að gera sömu hlutina og stelpurnar.
Ráða náms- og starfsráðgjafa.
Fá meiri fræðslu um atvinnulíf og störf.
Við viljum fá meiri gagnlega fræðslu um áreitni og fræðslu um kynferðislega áreitni.
Við þurfum að tala meira um jafnrétti í skólanum, bæði nemendur og kennarar.
Leyfa öllum krökkum að vera með í leikjum.
Kennararnir þurfa tala eins við og um stelpur og stráka.

Mat nemenda á skólastarfi 1. - 4. bekkur

Allir nemendur 1. - 4. bekkjar tóku þátt í innra mati á skólastarfi í desember 2018. Notaðar voru skoskar sjálfsmatsaðferðir í matinu en Menntamálayfirvöld í Skotlandi (Education Scotland) gáfu út nýtt sjálfsmatsefni á árinu sem sniðið er að nemendum og ákveðið var að prufukeyra að hluta. Rýnihópaviðtöl voru tekin til að ná fram skoðunum nemenda um skólastarf í Árskóla. Í hverjum rýnihópi voru 4-6 nemendur, samtals 26 hópar. Hvert rýnihópaviðtal tók að jafnaði um

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

20 mínútur. Tveir starfsmenn sáu um hvert viðtal, deildarstjóri yngsta stigs og kennsluráðgjafi, annar aðilinn stýrði umræðum og hinn skráði niðurstöður. Einnig tók fulltrúi yngsta stigs í fagmennskuteymi þátt í rýnihópaviðtölum í einum árgangi. Hver hópur svaraði 5-6 spurningum en tvær þeirra voru lagðar fyrir alla rýnihópana, þ.e. spurning nr. 1 og spurning nr. 15. Spurningarnar voru umorðaðar og hugtök útskýrð eftir þörfum. Lagðar voru eftirfarandi spurningar fyrir nemendur í rýnihópaviðtölum:

1. *Hversu góður er skólinn okkar? Hvað gætum við gert til að gera hann betri?*
2. *Finnst ykkur námið ykkar vera fjölbreytt? Hvað gætum við gert til að bæta námið?*
3. *Fáið þið tækifæri til að hafa áhrif á námið ykkar? Hvernig gætuð þið haft meiri áhrif á námið?*
4. *Fá allir nemendur aðstoð við að læra í skólanum? Hvernig væri hægt að bæta þennan þátt?*
5. *Ræða kennararnir við ykkur um námið ykkar? Hvernig væri hægt að bæta þennan þátt?*
6. *Finnst ykkur starfsfólkið hlusta á og taka mið af skoðunum ykkar í skólastarfinu? Hvernig væri hægt að bæta þennan þátt?*
7. *Finnst ykkur auðvelt að ræða um námið ykkar t.d. við kennara eða foreldra ykkar? Væri hægt að bæta þennan þátt?*
8. *Hvernig hjálpar upplýsingatæknin okkur í náminu? Gætum við nýtt fleiri leiðir til að nýta upplýsingatækni í náminu?*
9. *Getið þið nefnt dæmi um hvenær/fyrir hvað ykkur er hrósað í skólanum?*
10. *Hvetur starfsfólk ykkur til þess að lifa heilbrigðu lífi t.d. að borða hollt, hreyfa ykkur og fá nægan svefn?*
11. *Finnst ykkur maturinn í mötuneytinu vera hollur? Finnst ykkur matarvenjur í mötuneytinu vera góðar? Hvernig væri hægt að bæta matinn eða matarvenjur í skólanum?*
12. *Finnst ykkur ríkja jafnrétti í skólanum? Er eins komið fram við alla í skólanum? Hvernig er hægt að passa upp á að jafnrétti ríki í skólanum?*
13. *Fá allir nemendur í skólanum þá hjálpa sem þeir þurfa á að halda? Bæði í náminu og ef þeim t.d. líður ekki nógu vel eða þurfa hjálpa af einhverju tagi? Hvernig væri hægt að hjálpa nemendum betur í skólanum?*

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

14. *Finnst ykkur komið fram af sanngirni og virðingu við ykkur í skólanum? Hvernig væri hægt að bæta þennan þátt?*

15. *Hvað er það sem skiptir mestu máli í skólastarfinu svo ykkur líði vel og að þið getið lært?*

Nemendur tóku virkan þátt í rýnihópaviðtölunum og voru mjög duglegir að leggja mat á þætti sem spurt var um sem og að leggja til leiðir til umbóta. Almennt voru nemendur á yngsta stigi mjög jákvæðir gagnvart skólastarfinu. Flestir nemendur svöruðu mjög jákvætt þegar þeir voru spurðir um hversu góður Árskóli væri. Dæmi um svör voru að Árskóli væri ýmist svakalega góður, bara finn, skemmtilegur, mjög góður, rosa góður eða alveg ágætur. Nemendur voru einnig spurðir um hvað hægt væri að gera til að gera skólann betri og tengdust svörin ýmsum þáttum skólastarfs s.s. að bæta við leiktækjum á skólalóðina, að allir séu góðir og vinsamlegir við aðra, meiri frítíma, að enginn sé skilinn útundan, vera meira í læsi og stærðfræði og fl.

Nemendum finnst námið almennt vera fjölbreytt og nefndu dæmi um fjölbreytni í námi og námsfyrirkomulagi s.s. hópavinnu, paravinnu einstaklingsvinnu og fl. Dæmi um svör voru m.a. þau að nemendur í 4. bekk vilja gjarnan fá meira af fjöliðartímum og vera með stöðvavinnu í íslensku líkt og þau eru með í stærðfræðinni. Yngstu nemendurnir sögðust m.a. vilja læra að hoppa og skoppa meira. Nemendur í 2. bekk sögðust vilja fá að fara í tónmenntartíma og fá að fönndra meira.

Nemendur sögðust stundum fá tækifæri til að hafa áhrif á námið sitt og allir nemendur voru sammála um að nemendur fái þá hjálp og aðstoð sem þeir þurfa í náminu. Nemendur nefndu einnig dæmi um hvernig þeir óska eftir aðstoð í náminu og hvernig þeir hjálpa hver öðrum í náminu. Nemendur sögðu kennara stundum ræða við þá um námið, mjög oft við allan bekkinn í einu en sjaldnar við hvern og einn. Einnig tóku nemendur fram að kennarar útskýrðu námið mjög vel. Nemendur sögðu jafnframt að hlustað væri á skoðanir þeirra almennt í skólastarfinu og tekið mið af þeim.

Flestir nemendur eiga auðvelt með að tala um námið bæði við foreldra/forsjáraðila sína og kennara en nokkrir sögðu að það yrði kannski auðveldara að tala um námið þegar þau verða unglingar. Nemendur voru almennt jákvæðir gagnvart upplýsingatækni í skólanum og nefndu fjölbreytt verkefni sem þeir hafa unnið að í skólanum þar sem upplýsingatæknin hefur verið nýtt. Nemendur nefndu mörg dæmi um hvenær þeim er hrósað í skólanum og fyrir hvað þeim er hrósað bæði af starfsfólki skólans og frá samnemendum sínum. Stundum hvetur starfsfólk

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

nemendur til að lifa heilbrigðu lífi en það mætti alveg vera oftara að mati hluta nemenda. Hluti nemenda telja að maturinn í mötuneytinu sé hollur og matarvenjur nemenda góðar. Þó sögðu sumir að hægt væri að ganga betur frá eftir sig og gæta þess að hafa minni hávaða þegar á borðhaldi stæði. Einnig að minnka mætti matarsóun.

Nær allir nemendur sögðu jafnrétti ríkja í skólanum. Nemendur sögðu að allir fái þá hjálp í skólanum sem þeir þurfa bæði í náminu og líka ef þeim t.d. líður illa. Vinaliðarnir reyna að hjálpa öðrum nemendum í frímínútum og fá líka aðstoð frá verkefnastjóra ef á þarf að halda. Nemendur nefndu dæmi um hjálpsami sín á milli og hvernig hægt er að fá hjálp frá starfsfólki. Nemendur sögðu almennt að komið væri fram við þá af sanngirni og virðingu í skólanum. En hægt væri að ræða málin á bekkjarfundum ef eitthvað fer úrskeiðis í þeim efnum. Að lokum voru nemendur spurðir um hvað það væri sem skipti mestu máli skólafarfinu svo að þeim gæti líðið vel og gætu lært í skólanum. Svör nemenda voru fjölbreytt. Þar má nefna að eiga vini, að læra eitthvað gott, að sýna vinsemd, að líða vel, hafa skemmtilegt, að hafa vinnufrið, að vera dugleg að læra, að leggja ekki í einelti og vera góð hvert við annað. Þegar nemendur voru spurðir um hvað gæti helst bætt þennan þátt sögðu þeir t.d. að þeir allir ættu alltaf að koma vel fram við hvern annan, auka mætti fjölbreytni í vinaliðaleikjum, passa að allir fái að vera með í leikjum og að hafa meiri vinnufrið í kennslustundum.

Eftir samantekt á niðurstöðum funduðu fulltrúar úr sjálfsmatsteymi aftur með nemendum hvers árgangs og kynntu þeim sameiginlegar niðurstöður. Niðurstöðurnar voru ennfremur kynntar umsjónarkennurum og þeir hvattir til að nýta þær áfram í vinnu með nemendum. Hluti af niðurstöðum rýnihópaviðtalanna verður framlag yngstu nemenda skólans í vinnu að mótun nýrrar menntastefnu Skagafjarðar sem unnið er að í samstarfi leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skagafirði, FNV, frístundar og Fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

Innra mat á skólafarfi - foreldrar

Foreldrar tóku ekki þátt í mati á skólafarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans þetta skólaárið.

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, fimmta árið í röð. Foreldra- og starfsmannakönnun eru lagðar fyrir annað hvert ár að jafnaði. Í ár stóð til að foreldrakönnun yrði lögð fyrir en vegna tæknilegra örðugleika hjá Skólapúlsinum varð ekki af því og flyst því könnunin yfir til næsta skólaárs. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinna. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til.

Skólapúlsinn foreldrar

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu sökum tæknilegra örðugleika hjá Skólapúlsinum. Ráðgert er að könnunin verði lögð næst fyrir á skólaárinu 2019-2020.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Árskóla fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og apríl. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirlögn. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu sem taka þátt í Skólapúlsinum. Einnig sýna niðurstöður þróun á milli skólaára á viðhorfum nemenda innan Árskóla á skólastarfinu. Alls voru 184 nemendur skráðir til þátttöku í könnuninni, svarhlutfall var 95,1%, alls svöruðu 90 strákar og 85 stúlkur könnuninni. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Virkni nemenda í skólanum				
Ánægja af lestri	4,7	169	4,7	0,0
Þrautseigja í námi	4,8	171	4,9	-0,1
Áhugi á stærðfræði	4,8	173	5,1	-0,3
Áhugi af náttúrufræði	4,5	172	4,8	-0,3*
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,7	171	4,9	-0,2
Trú á eigin námsgetu	4,6	171	4,8	-0,2

Í flokknum *virkni* nemenda mælast viðhorf nemenda nú almennt jákvæðari miðað við niðurstöður síðasta skólaárs. Einn þáttur af fimm, *áhugi á náttúrufræði*, mælist þó marktækt lakari en í viðmiðunarskólunum og hefur jafnframt farið örlítið niður á við miðað við niðurstöður skólans á milli ára. Þátturinn *ánægja af lestri* mælist við landsmeðaltal og stendur í stað á milli síðustu tveggja skólaára þegar niðurstöður innan skólans eru bornar saman. Þættirnir *þrautseigja í námi*, *áhugi á stærðfræði*, *trú á eigin vinnubrögðum í námi* og *trú á eigin*

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

námsgetu mælast allir rétt undir landsmeðaltali en séu niðurstöður innan skólans skoðaðar á milli ára kemur í ljós að þeir hafa allir þokast örlítið upp á við frá síðustu mælingu Skólapúlsins.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Líðan og heilsa				
Sjálfsálit	4,4	171	4,8	-0,4*
Stjórn á eigin lífi	4,4	170	4,7	-0,3*
Velliðan	4,9	170	4,8	0,1
Einelti	5,2	169	5,3	-0,1
Tíðni eineltis (%)	14,0%	24/171	12,2%	1,8%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar (%)	49,7%	85/171	44,5%	5,2%
Hollt mataræði	4,4	171	4,8	-0,4*

Í flokknum *líðan og heilsa* mælist Árskóli marktækt lægri en viðmiðunarskólarnir í þremur matsþáttum. Nemendur Árskóla hafa marktækt minna *sjálfsálit*, marktækt minni *stjórn á eigin lífi* og *mataræði* þeirra mælist marktækt lakara miðað við nemendur í viðmiðunarhópi. Þættirnir *sjálfsálit* og *stjórn á eigin lífi* hafa þokast örlítið niður á við á milli ára þegar niðurstöður á milli skólaára innan skólans eru skoðaðar, sama þróun er á landsvísu. Þátturinn *hollt mataræði* stendur hins vegar í stað á milli skólaára þegar niðurstöður skólans eru skoðaðar. Þátturinn *velliðan* mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum og hefur jafnframt þokast örlítið upp á við frá fyrra skólaári. Nemendur Árskóla *hreyfa* sig meira en nemendur í þátttökuskólunum samkvæmt könnuninni en tæp 50% nemenda hreyfa sig að jafnaði tvisvar sinnum í viku eða oftar. *Tíðni eineltis* mælist hærri í Árskóla skv. könnunum Skólapúlsins miðað við þátttökuskólana nú í ár. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Hér gætir því misræmis miðað við niðurstöður mælinga úr Olweusarkönnun, en í þeirri könnun mælist einelti meðal nemenda í 5. – 10. bekk í Árskóla 6,2% en könnunin var lögð fyrir alla nemendur í þessum árgöngum í nóvember 2018, auk nemenda í 4. bekk.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Skóla- og bekkjarandi				
Samsömun við nemendahópinn	4,7	171	4,9	-0,2
Samband nemenda við kennara	5,2	171	5,0	0,2*
Agi í tímum	4,5	172	5,0	-0,4*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	171	5,1	0,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,3	166	4,8	0,5*

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í þremur þáttum af fimm á svörum nemenda í Árskóla miðað við viðmiðunarskólana. Þetta eru þættirnir *samband nemenda við kennara* og *mikilvægi heimavinnu í náminu* sem mælast marktækt hærrí en í viðmiðunarskólunum og *agi í tímum* sem mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Þátturinn *samband nemenda við kennara* hefur í þremur síðustu mælingum mælst hærrí í Árskóla en í viðmiðunarskólunum. Sömu sögu er að segja um þáttinn *mikilvægi heimavinnu í náminu* en sá þáttur hefur mælst hærrí meðal nemenda í Árskóla allt frá fyrstu mælingu. Þátturinn *agi í tímum* hefur farið upp á við í Árskóla miðað við niðurstöður skólans frá síðustu mælingu. *Samsömun við nemendahóp* mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum en hefur jafnframt farið örlítið niður á við á milli mælinga innan skólans. Þátturinn *virkt þátttaka nemenda í tímum* mælist örlítið hærrí í Árskóla en í viðmiðunarskólunum og hefur jafnframt farið upp á milli skólaára innan skólans.

Skólapúlsinn starfsfólk

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu. Ráðgert er að könnunin verði næst lögð fyrir á skólaárinu 2020-2021.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Skimunin var lögð fyrir í kannanakerfinu Google Forms og var send til þátttakenda í tölvupósti. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar má sjá sundurliðaða einkunnagjöf á einstaka matsþáttum. Einnig er reiknað hlutfall þeirra starfsmanna sem gefa einkunnirnar 4- gott, 5- mjög gott og 6- framúrskarandi í einstökum matsþáttum. Þeir þættir sem þarf að huga sérstaklega að skv. niðurstöðum skimunarinnar eru eftirfarandi og má sjá hér á eftir.

Þættir sem mælast hlutfallslega lægri en 80% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- gott, 5- mjög gott og 6- framúrskarandi í einstökum matsþáttum:

- Finna þarf fleiri leiðir til að auka ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu, þessi þáttur mælist þó örlítið jákvæðari nú miðað við niðurstöður árlegrar skimunar frá fyrra skólaári.
- Hugsa þarf betur að samstarfi skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.).
- Auka þarf hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti, þessi þáttur mælist þó örlítið jákvæðari nú miðað við niðurstöður árlegrar skimunar frá fyrra skólaári.
- Skerpa þarf á umhverfissjónarmiðum s.s. flokkun sorps, innkaupum, fræðslu til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd, þessi þáttur hefur farið niður á við miðað við niðurstöður árlegrar skimunar frá fyrra skólaári.
- Hugsa þarf betur að sköpun námsumhverfis sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla, þessi þáttur mælist þó jákvæðari nú miðað við niðurstöður frá fyrra skólaári.
- Hugsa þarf betur að þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Áætlun um sjálfsmat 2019-2022

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrjú úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Haustönn			
	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.1 Nemendavernd	2.3 Nám, kennsla og námsmat
	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.6 Samfella í skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinir Árskóla
	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.7 Samstarf	Mötuneytisgæðagreinar - Árskólagæðagreinar
		2.2 Skólanámskrá	
		2.4 Einstaklingsmiðun	
Vorönn			
	Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir	1.2 Forysta í skólastarfi	Viðburðadagar í skólastarfi - Árskólagæðagreinar
	Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir	1.3 Breytingastjórnun	Jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir
	Samvirkni kennara - Árskólagæðagreinir	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	
		1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	
		Lestrarstefna Skagafjarðar	
	Mat nemenda á skólastarfi, nemendagæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Árskólagæðagreinar	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Árskólagæðagreinar	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Árskólagæðagreinar
Kannanir			
Nóv.	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
Okt., des. feb., apríl	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk
	Skólapúlsinn foreldrakönnun		Skólapúlsinn foreldrakönnun
		Skólapúlsinn starfsmannakönnun	
Mái	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
Júní			
	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla
	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum

Viðaukar

Viðauki I árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2019

Viðauki II einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks í maí 2019	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Fullnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Mæðaleinkunn	% með eink. 4-6 2019	% með eink. 4-6 2018
2. Er umbótarmiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?	0	0	6	21	22	3	52	4,42	88%	92%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengni og árangur nemenda?	0	0	5	27	16	1	49	4,27	90%	93%
4. Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólastarfinu?	0	2	5	14	30	7	58	4,60	88%	92%
5. Hversu ábyrgir eru nemendur gagnrvart námi sínu?	0	5	15	31	4	0	55	3,62	64%	61%
6. Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólabróunar áhrif á árangur nemenda?	0	0	7	22	24	0	53	4,32	87%	93%
7. Hvernig metur þú föryrstu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks, faglegar leiðsagnar og stýðjandi starfsumhverfis?	1	2	6	22	21	4	56	4,29	84%	79%
8. Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	2	8	28	11	0	49	3,98	80%	72%
9. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavemd og þryggismál?	0	1	6	25	23	3	58	4,36	86%	87%
10. Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs?	0	1	6	23	23	1	54	4,31	87%	87%
11. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	4	14	38	2	58	4,66	93%	97%
12. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	4	5	22	19	2	52	4,19	83%	78%
13. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda?	0	1	5	24	19	0	49	4,24	86%	76%
14. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	0	4	22	21	3	50	4,46	92%	81%
15. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúræði sem skólinn býður nemendum?	0	4	4	21	22	4	55	4,33	85%	79%
16. Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu?	0	3	11	27	16	0	57	3,98	75%	80%
17. Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	1	8	25	20	0	54	4,19	83%	84%
18. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldraforsjáradila?	0	1	3	21	30	1	56	4,48	93%	97%
19. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	0	8	18	30	2	58	4,45	86%	92%
20. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	1	3	13	24	13	0	54	3,83	69%	77%
21. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafæðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	0	1	11	20	21	1	54	4,19	78%	74%
22. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	5	35	14	0	54	4,17	91%	81%
23. Hvernig eru aðferðir okkar við að meta hæfni nemenda skv. aðalnámskrá grunnskóla?	0	1	5	23	20	2	51	4,33	86%	83%
24. Hvernig sköpum við nemendum tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	2	5	22	24	2	55	4,35	87%	86%
25. Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestarstefnu Skagafjarðar?	0	0	2	20	31	2	55	4,60	96%	96%
26. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?	0	0	7	19	27	4	57	4,49	86%	95%
27. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvöðum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	5	21	29	4	59	4,54	92%	98%
28. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkjar?	0	1	2	10	28	14	55	4,95	95%	100%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd fríðargöngu?	0	0	3	14	31	10	58	4,83	95%	98%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd porrablótis?	0	1	2	15	33	5	56	4,70	95%	88%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttadags?	0	0	3	22	22	10	57	4,68	95%	90%
32. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?	0	0	2	12	24	6	44	4,77	95%	100%
33. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	0	2	11	34	8	55	4,87	96%	98%
34. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þemadaga?	2	0	6	22	17	1	48	4,15	83%	83%
35. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árhátíða nemenda?	0	0	1	9	34	9	53	4,96	98%	100%
36. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	3	18	34	2	57	4,61	95%	97%
37. Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðunar nýrar þekkingar, fagstjómar o.s.frv.)?	0	0	4	20	25	2	51	4,49	92%	100%
38. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	2	7	18	28	3	58	4,40	84%	89%
39. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	0	10	10	22	12	0	54	3,67	63%	50%
40. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri hönd í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	16	13	14	15	0	58	3,48	50%	52%
41. Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	1	0	7	19	16	0	43	4,14	81%	94%
42. Hvernig líður þér á vinnustað?	0	4	6	11	30	8	59	4,54	83%	90%

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

Viðauki II, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Viðauki 3: Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu.

Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
Mjög gott	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
Gott	Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
Fullnægjandi	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að veða þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2019

	<p>aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.</p>
Slakt	<p>Einkunnin slakt merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.</p>
Ófullnægjandi	<p>Einkunnin ófullnægjandi merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.</p>